

39. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 7. september 2006 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Starfsmannamál, 2. Málefni héraðsskjalasafnsins og staða þess, 3. Norrænir skjaladagar í Svíþjóð, 4. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson forstöðumaður sat fundinn.

1. **Starfsmannamál.** Forstöðumaður óskar eftir að fá að halda starfsmanninum Gunnari Marel Hinrikssyni í hálfu starfi hjá safninu til áramóta. Hrafn hefur rætt um fjármálin við Björn Þorsteinsson sviðsstjóra. Nefndin samþykkir að bjóða Gunnari Marel 50% starf til áramóta.
2. **Málefni héraðsskjalasafnsins og staða þess.** Borist hefur bréf frá Þjóðskjalaverði sem hefur lögum skv. yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum. Bréfið er umsögn um nokkur atriði sem lúta að skyldum héraðsskjalasafna, veitt að beiðni Héraðsskjalasafns Kópavogs. Í bréfinu er m.a. tekið fram að forstöðumenn stofnana á vegum sveitarfélaga eigi að undirrita afhendingarskrár þegar skjöl eru afhent héraðsskjalasöfnum. Héraðsskjalavörður hefur rétt til að kanna stöðu skjalasafns, húsnaði þess og honum ber að samþykkja skjalavörslukerfi áður en þau eru tekin í notkun. Tekið er fram um rafræn skjalavörslukerfi að þar sé þörf mikillar nákvæmni til þess að tryggja samræmi í skjalavörslunni til þess að skjalasöfnin verði aðgengileg og örugg. Sérstaklega er tekið fram um hugbúnaðarkerfið One systems að Þjóðskjalasafn hafi ekki veitt almennt samþykki um að það henti til skjalavörslu héraðsskjalasafna en sérfræðingar Þjóðskjalasafns séu jafnan fúsir til að veita héraðsskjalasöfnum sérfræðiaðstoð. Akveðið var að fresta umræðu um bréf þjóðskjalavarðar til næsta fundar.
3. **Norrænir skjaladagar í Svíþjóð.** Hér er um að ræða norræn þing skjalavarða sem haldin eru á þriggja ára fresti. Forstöðumaður sat þingið 23.-25. ágúst sl. Hann sótti einkum erindi um öryggismál safna, um áhættumat í söfnum, um rafræna skjalavörslu en einnig almenn erindi um skjalavörslu. M.a. kom fram að traust skráning er grundvöllur öryggis á skjalasöfnum. Telur forstöðumaður sig hafa haft mikið gagn af að fara á þetta þing.
4. **Önnur mál.** a) Forstöðumaður gerir grein fyrir nokkrum afhendingum til safnsins, svo sem afmæliskvikmyndinni “Kópavogur 25 ára”; skjölum frá Íþróttá- og tómsfundadeild Kópavogs; skjölum frá Sundlaug Kópavogs (bókhalddsskjöl og sundpróf). Byggingarfulltrúi Kópavogs hefur haft samband vegna burðarþolsteikninga embættisins, 9.3 hillumetra af skjölum. Ekki er ákveðið hvort eða hvenær HK tekur við þeim gögnum. b) Þjóðskjalavörður hefur spurt hvort Kópavogsbúar geti tekið á móti héraðsskjalavörðum af öllu landinu á dagsfundi þeirra í október. Nefndin lýsir áhuga á að hýsa fundinn. Forstöðumaður tekur að sér að tala við sviðsstjóra um framkvæmd málsins.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:45

Ritari Bjarni Ólafsson

Fylgiskjal v/liðs 2: Bréf þjóðskjalavarðar til Héraðsskjalasafns Kópavogs frá 7.sept. 2006.